

# Tryggur

Rafræn þjónusta TR

Hjá Tryggingastofnun er nú unnið að því að bæta og efla þjónustu við viðskiptavinum og verður rafræn þjónusta stóraukin. Tryggur.is, nýr þjónustuvefur Tryggingastofnunar, verður viðmót þeirrar þjónustu. Stór hópur landsmanna mun njóta góðs af þessari nýjung, enda eiga flestir Íslendingar einhvern tímann á lífsleiðinni samskipti við Tryggingastofnun.

## Auðkenning

Örugg auðkenning viðskiptavina Tryggs er í samstarfi við Island.is og ríkisskattstjóra, en hægt verður að nota veflykil skattsins. Auðkenning með rafrænum skilríkjum á debetkortum verður í boði þegar dreifing þeirra hefst.

## Rafræn skil á tekjuáætlunum og umsóknum

- Viðskiptavinir geta notað Trygg til að skila tekjuáætlunum á netinu. Áður en tekjuáætlun er skilað verður hægt að skoða bráðabirgðaútreikning lífeyris og annarra greiðslna sem byggjast á tekjuáætlun einstaklinga.
- Umsóknir um elli- og örorkulífeyri með útfyllanlegum og vistanlegum pdf-formum.

## Betri þjónusta fyrir alla

Reikna má með að stór hluti viðskiptavina sjái sér hag í að nýta rafræna þjónustu TR og fái þannig skjóta og góða þjónustu. Aðrir munu jafnframt fá betri þjónustu, því starfsfólk hefur þá meiri tíma aflögu til að sinna þeim hópi.



## Fjárhundurinn Tryggur

Í samkeppni um nafn á þjónustuvef Tryggingastofnunar meðal starfsmanna varð Tryggur hlutskarpastur. Dórnafnd sagði meðal annars: „Tryggur vekur öryggistilfinningu hjá fólki. Tryggur er klassískt og vinalegt nafn á íslenskum fjárhundi, traustur vinur eiganda síns, boðinn og búinn að hjálpa til. Hann gætir fjár eiganda síns og smalar því saman ef með þarf. Það er mikils virði fyrir viðskiptavinum Tryggingastofnunar að njóta krafta Tryggs við að smala fé sínu saman, og eins gætir Tryggur þess eins og aðrir góðir fjárhundar að ekki slæðist með fé sem á heima annars staðar. Tryggur mun, þegar fram líða stundir, einnig smala saman öllum gögnum og samskiptum viðskiptavina við Tryggingastofnun.“

## Framtíðarsýn: Rafræn TR – allra hagur

- Umsóknir
- Tekjuáætlanir
- Samskipti - samskiptasaga
- Yfirlit
- Niðurstöður
- Upplýsingar

Tryggur  Rafræn þjónusta TR A A 

Forsíða | Yfirlit | Eyðublað | Tekjuáætlun | Hafðu samband | Útskrá

**Opfræðing Tryggur**  
Tryggur er hraustur vinur eiganda síns, boðinn og búinn að hjálpa til. Hann gætir fjár eiganda síns og smalar því saman ef með þarf.

**Velkomin/n á rafræna þjónustusiðir Tryggingastofnunar**  
Viðskiptavinir geta notað Trygg til að skila tekjuáætlunum á netinu. Áður en tekjuáætlun er skilað verður hægt að skoða bráðabirgðaútreikning lífeyris og annarra greiðslna sem byggjast á tekjuáætlun einstaklinga.

**Um rafræna auðkenningu**  
Örugg auðkenning viðskiptavina Tryggs er unnið í samstarfi við Island.is og ríkisskattstjóra, en hægt verður að nota veflykil skattsins. Auðkenning með rafrænum skilríkjum á debetkortum.

Trygg tenging: Jón Jónsson  
Síðast opnað: 01.03.2008

Fara á upplýsingavef Tryggingastofnunar

Útskrá

Tryggingastofnun • Kt: 660269-2669 • Laugavegi 114 • 150 Reykjavík (kort) • Sími: 560-4400 • Grænt númer: 800-6044 • Tölvupóstur: tr@tr.is

[www.tr.is](http://www.tr.is)

[www.tryggur.is](http://www.tryggur.is)